*Alþingi*
*Erindi nr.* Þ 132/1560
*komudagur* 7.4.2006

Barnaheill
Save the Children á Íslandi

Nefndasvið Alþingis
b.t. Elínar Valdísar Þorsteinsdóttur, nefndarritara
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 6. ~~mars.~~ april 2006

**Umsögn um: frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 6/2002 um tóbaksvarnir. 388. mál, reykingabann.**

Barnaheill – Save the Children á Íslandi taka hjálögðu frumvarpi fagnandi.
Börn eru tíðir gestir í þjónusturýmum sem almenningur hefur aðgang að, til dæmis á áhorfendasvæðum, biðstofum, gestamóttökum, forstofum, göngum, snyrtiherbergjum og á fleiri stöðum. Einnig verja flest þeirra miklum tíma á svæðum þar sem menningar- og félagasstarfsemi fer fram, til dæmis íþrótta- og tómstundastarf.
Börn eiga rétt á reyklausu andrúmslofti innan dyra og virða ber rétt þeirra til að þurfa ekki að anda að sér lofti sem er mengað tóbaksreyk af völdum annarra. Þegar af þeirri ástæðu styðja Barnaheill – Save the Children á Íslandi frumvarpið fortakslaust.

Barnaheill – Save the Children á Íslandi